

30.01.–09.05.2021

Ragnar Axelsson

Þar sem
heimurinn
bráðnar
Where the
World is
Melting

Þar sem heimurinn bráðnar

Í ljósmyndum sínum notar Ragnar Axelsson mjúka skerpu, bjart ljós og afdráttarlausa hvíta og svarta tóna til að speglia samtímann og sýna okkur ástand heimsins. Eftir rúmlega fjögurra áratuga feril við ljósmyndun á Íslandi, í Færreyjum, Grænlandi og Síberíu hefur Ragnar kynnt sér og skrásett staði og siðvenjur íbúa og dýra á nyrstu byggðu bólum í veröldinni. Á sýningunni *Þar sem heimurinn bráðnar* eru þessar ljósmyndir settar fram sem dæmi um hopandi landslag norðurslóða og þær persónulegu sögur og arfleifð sem enduróma þar.

Í gegnum myndavélarlinsuna sér Ragnar og varðveisir frásögn sem tekur örum breytingum eftir því sem hefðir norðurskautsins og umhverfi þess dregst meira saman. Hér, í tilkomumiklu umhverfi fjalla, jöklar og þorpa, blasa við þrír heimar; fólkid, dýrin og síbreytilegt landið sem þau byggja.

Ragnar byrjaði að taka myndir sem táníngur og ástriða hans leiddi hann á endanum út fyrir landsteinana. Verk hans eru nefnd í sömu andrá og myndir annarra ljósmyndara sem hafa áunnið miðlinum sess sem menningarlega mikilvægum hluta af félagslegu og umhverfispólitísku samhengi. Ragnar vill skrásetja samtímann, líkt og áhrifavaldað hans; James Nachtwey, W. Eugene Smith, Mary Ellen Mark eða Henry Cartier, sem þekkt eru fyrir blaðaljósmyndun, heimildarmyndir, augnabliksmyndir og götumyndir. Áleitin verk hans draga um leið fram þátt ljósmyndunar í samtímmamyndlist.

Ljósmyndir Ragnars eru myndrænar frásagnir sem einblína á söguna sem sögð er innan rammans. Ein mynd – einn smellur ljósoplokans, eitt *augnablik* – fangar sampjappaða frásögn og endurseigir okkur hana. Atburðir á vettvangi breytist í eftirsótt augnablik þar sem tengsl myndast við viðfangsefnin, hvort heldur þau eru mennsk eður ei. Oft eru það óséð augnablik á jaðrinum, vitnisburður um breytingar á mikilvægum umhverfisþáttum á borð við jöklar, ísjaka og hafið, leikur ljóss og skugga, hreyfingar og tíma, sem leika veigamikil hlutverk.

Signalistin hrífur okkur í gegnum yfirborðið á ljósmyndum Ragnars og út í ofsaenginn norðanvindinn þar sem við upplifum landið og skjótum upp kollinum aftur í veruleika sem nú breytist ört og hefur áhrif á okkur öll – leitinni að aðferðum til að lifa af. Norðurslóðir eru enn eftirsóttar sem staður uppgötvana, landnáms

og skrásetningar. Oft á tíðum hefur þeim verið ljáð rómantískt yfirbragð og lýst sem viðáttumiklum, eyðilegum, óbreytanlegum. Í myndum Ragnars er þetta sjónarhorn skorað á hólmi frásögnum af fólk; af sjómanninum, bón danum og veiðimanninum. Í endurteknum ferðum út á haffisinn, yfir langt tímabil, hefur Ragnar beint athygli sinni að hlutum sem virðast smáir en eru í raun og veru hluti af mun stærra samhengi í veröldinni; líkt og sífellt þynnri hafis, stöðugt faerrí veiðimenn af gamla skólanum og sleðahundar sem víkja fyrir snjóleðum. Í þessum sögum af fólk sem hann hefur hitt og er orðinn kunnugur bergmála breytingar sem við getum reynt að ímynda okkur og tengja við.

Sumar myndirnar sýna okkur sérstaklega hið nána samband og traust sem ríkir á milli veiðimanna og sleðahunda. Saga þeirra er einstök og er hjarta þessarar sýningar. Hún endur speglar nútímalíf sem er undir stöðugri ásókn breytinga vegna hnattrænna áhrifa. Áður fyrr gerðu grænlenkskir sleðahundar fólk kleift að lifa af, og báru það að báðum pólum jarðarinnar. Nú, þegar jöklarnir bráðna, er haffisinn oft ekki nógur traustur fyrir veiðimennina og aldagamlar hefðir og tengsl manna og dýra eru að breytast. Afleiðingar þessara breytinga eru kannski ekki enn þekktar til fullnustu en af myndunum er augljóst að frásögnin snýst ekki lengur um einangrun og óbreytanlegt landslag, heldur um svæði sem breytist nú hraðar en flest önnur svæði jarðarinnar.

Í upphafsförðum í *Andlit norðursins*, einni af best þekktu bókum Ragnars, rifjar Mary Ellen Mark upp birtuna á norðurslóðum og hvernig Ragnar fangar hana með linsu sinni. Hún talar um *hæfileikann til að heyra í vindinum, bragða salt hafið og finna kuldann*, og endurspeglar þörf ljósmyndarans fyrir að fanga, grannskoða og skilja umhverfi sitt. Sumar ljósmyndanna birtast nú í fyrsta sinn og gegnum þær tengja nýjar og eldri frásagnir okkur við norðurslóðir, við alheiminn og við *núið*. Með því að sýna okkur mögnuð tengslin á milli fólks, dýra og staða á norðurslóðum og öfgakennds umhverfisins, verða þessi tengsl sem nú standa frammi fyrir flóknum og djúpstæðum breytingum áþreifanlegri í hugum okkar.

Where the World is Melting

In photographs with soft focus, sharp light and stark black and white tones, Ragnar Axelsson holds a mirror to the present, and reflects how the world looks back to us. With more than four decades of photographing in Iceland, the Faroe Islands, Greenland and Siberia behind him, Ragnar has observed places and traditions with the peoples, animals and landscapes of some of the northernmost regions. Together in *Where the World is Melting*, these photographs are a case-study for the disappearing landscapes of the North and the personal histories and heritage that resonate within them. Through the camera lens Ragnar registers, preserves and records a shifting narrative where circumpolar traditions and environments are receding. Here, in the atmospheric compositions of mountains, glaciers and villages three worlds emerge; the people, the animals and the changing land they inhabit.

Ragnar began photographing his environment at a young age, eventually travelling beyond Iceland to document his surroundings. Alongside a generation of artists, he has contributed to photography as a culturally significant medium for our socio-political and environmental climate. Not unlike his influences James Nachtwey, W. Eugene Smith, Mary Ellen Mark or Henry Cartier, known for their photojournalism, documentary, candid and *street photography*, Ragnar is concerned with telling our time. At the same time, he brings forward the role of photography in contemporary art.

Ragnar's pictorial narratives are focused upon leading the viewer through the story within the frame. In a single image – the click of the shutter or *blink of an eye* – a concentrated narrative is frozen and retold. Scenes in the land become sought after moments of connection with his subjects, both human and non-human. It is often the moments on the periphery, such as observing the changing climate in melting glaciers or the expanding sea, the play of northern light and shadow, movement, stillness and time that become important.

Storytelling brings us beyond the surface of Ragnar's photographs and out into the raging northern wind where together we bear witness to the land and re-emerge in a rapidly changing reality that affects us all – a search of survival. The North continues to be a long-sought after

place of discovery, new territory and documentation. It has been romanticized as vast, barren and unchangeable. This view is challenged in Ragnar's works through the narratives that are retold in people, with the fisherman, farmer and hunter. Out on the sea ice, with repeated trips and over a long period of time, Ragnar has focused attention to things that seem subtle, but are in fact a larger part of our world, such as thinning sea ice, dwindling numbers of traditional hunters and sled dogs being replaced by snowmobiles. Echoed in these stories of people he has met and now knows, we can begin to imagine and relate to the changes under way.

In some photographs we specifically meet with the closeness and reliance between hunters and their sled dogs. Their story is unique and at the core of this exhibition. It represents contemporary life under constant pressure and change as a result of global influence. In the past, Greenlandic sled dogs have made survival possible, and reaching both poles of the world attainable, by carrying people to opposite ends. With the glaciers melting, the sea ice is now often unsafe for hunting, and centuries of old traditions and relationships between human and animal are in transition. The resounding significance of this change is perhaps yet to be told, but it is clear in these photographs that the narrative has changed from one about remoteness and unchangeable landscape, to one of the most rapidly changing part of the world.

In the introduction to *Faces of the North*, one of Ragnar's most well-loved publications, Mary Ellen Mark recalls the extraordinary light in the North, and the way it's caught through the lens in Ragnar's photographs. She notes the ability to actually hear the wind, taste the salt of the ocean, and feel the cold, mirroring the photographer's need to capture, examine and understand what surrounds them. Some of these photographs are being seen here for the first time, and with them, the living and journeyed stories continue to connect us to the North, to the global world, and to our *here and now*. In making visible the extraordinary relationships between the people, animals and places of the North and their extreme environment, relationships now being altered in profound and complex ways by the unprecedented changes in climate become more tangible to us.

Ragnar Axelsson
Þar sem heimurinn bráðnar
Where the World is Melting
Listasafn Reykjavíkur – Hafnarhús
Reykjavík Art Museum – Hafnarhús
30.01.–09.05.2021

Sýningarstjórn Curator
Einar Geir Ingvarsson

Textar Texts
Becky Forsythe

Þýðing Translation
Ingunn Snædal

**Sýningin er samsett úr þremur ljósmynda-
verkefnum Ragnars og útgáfu þeim
tengdum; *Andlit norðursins* (2004/2016),
Jökull (2018) og því nýjasta,
Hetjur norðurslóða (2020).**

This exhibition is built upon three of Ragnar projects and related publications, *Faces of the North* (2004/2016), *Glacier* (2018) and the most recent, *Arctic Heroes* (2020).

rax.is
@ragnaraxelsson

Yfirlýsing um réttindi norðurheimskautsbúa
Svæðin í kringum Norðurpólinn eru
heimkynni margra ólíkra ættbálka. Þessi
sýning og Listasafn Reykjavíkur heiðra og
viðurkenna þekkingu innfæddra ættbálka
norðurheimskautsins og yfirráð þeirra yfir
heimasvæðum sínum að fornu og nýju.

Arctic Lands Acknowledgement
The circumpolar Arctic is the contemporary home to many different indigenous peoples. This exhibition and Reykjavík Art Museum honour and recognise the local knowledge of Arctic indigenous peoples and their ancestral and contemporary stewardship of their homelands.

Dagskrá Programme
Leikum að list – fjölskyldudagskrá
Let's Play Art – Family Programme
Lau. Sat. 13.02.2021, 11:00

Leiðsögn listamanns
Artist's Talk
Fim. Thur. 11.03.2021, 20:00

Leiðsögn sýningarstjóra
Curator's Talk
Fim. Thur. 29.04.2021, 20:00

**Upplýsingar um leiðsagnir
og aðra viðburði á heimasíðu safnsins**
Information on guided tours and
other events on museum website

**Stórir og smáir hópar
geta bókað sérleiðsögn**
Small or large groups can
book private tours

